

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Mýrasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Sparisjóðs Mýrasýslu. Hann er stofnaður á aðalfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 10. apríl 1991 til minningar um Friðjón Sveinbjörnsson.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 000,00 kr. – fimm hundruð þúsund krónur. – Stofnfé skal framreikna miðað við hækkun lánskjaravísitölu.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja hvers konar menningarstarfsemi á aðalviðskiptasvæði Sparisjóðs Mýrasýslu.

4. gr.

Með stjórn menningarsjóðsins fara sömu menn og sitja í stjórn sparisjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Mýrasýslu, sem stjórn sparisjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxatekjur. Við stofnun sjóðsins leggur Sparisjóður Mýrasýslu fram 10 milljónir króna til sjóðsins.

7. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum. Stofnfé má ekki skerða.

8. gr.

Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Mýrasýslu getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða lagt sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar aðalfundurinn eignum hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Borgarnesi, 10. apríl 1991.

Í stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu,

Magnús Sigurðsson Þórarinn Jónsson Jóhannes M. Þórðarson
Gísli Halldórsson Gísli Kjartansson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.